



+ Þorsteinn Hermannsson

Fæddur 25. apríl 1938
Dáinn 2. nóvember 2025



Prestur
Séra Ólöf Margrét Snorradóttir

Organisti
Hilmar Örn Agnarsson

Einsöngvari og gítarleikari
Halldór Benjamín Hallgrímsson

Bassaleikari
Ingbór Bergmann Þórhallsson

Kór
Kammerkór Akraneskirku

Umsjón útfarar
Útfararþjónusta Borgarfjarðar og Stranda

Jarðsett verður í Akraneskirkujardí

*Ástvinir þakka samúð og vinarhug
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar
í Hátíðarsal Hjúkrunar-og dvalarheimilisins Höfða.*

Útför frá Akraneskirku
mánudaginn 17. nóvember 2025

Forspil

Time to Say Goodbye

Francesco Sartori - Lucio Quarantotto

Signing og bæn

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:,: Hærra minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:,: Hærra minn Guð, til þín,:,:
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:,: Hærra minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

*Matthías Jochumsson
Lowell Mason*

Ritningarlestur

Þar sem englarnir syngja sefur þú,
sefur í djúpinu væra.
Við hin sem lifum, lifum í trú
að ljósið bjarta skæra
:,: veki þig með sól að morgni. :,:

Drottinn minn faðir, lífsins ljós,
lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós,
tak burt minn myrka kvíða.
:,: Þú vekur hann með sól að morgni. :,:

Faðir minn láttu lífsins sól
lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn frið og skjól.
Láttu svo ljósið þitt bjarta
:,: vekja hann með sól að morgni. :,:

Drottinn minn, réttu sorgmæddri sál
svala líknarhönd
og slökk þú hjartans harmabál,
slít sundur dauðans bönd.
:,: Svo vaknar hann með sól að morgni. :,:

Farðu í friði vinur minn kær.
Faðirinn mun þig geyma
um aldur og ævi þú verður mér nær,
aldrei ég skal þér gleyma.
:,: Svo vöknum við með sól að morgni. :,:
Bubbi Morthens

Guðspjall

Einsöngur Minn bátur

Halldór Benjamín Hallgrímsson - Björn Eidsvåg

Minningarorð

Einsöngur Undir bláhimni

Magnús Gíslason - Sam C. Hart

Bæn – Faðir vor

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

*Sveinbjörn Egilsson
P. C. Krossing 1820*

Moldun

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

*Matthías Jochumsson
P. C. Krossing 1820*

Blessun

Eftirspil Litla flugan

Sigurður Elíasson - Sigfús Halldórsson